

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgötu 30
600 Akureyri

Reykjavík, 24. nóvember 2020
UST202003-108/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 30.10.2020, hjá Samherji fiskeldi ehf., Núpum

Þann 30. október sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Samherja fiskeldis ehf., Núpum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í þágildandi starfsleyfi. Heimild þágildandi starfsleyfis var til 100 tonna laxaseiða og 50 tonna bleikjuseiða á ári. Ársframleiðsla 2019 var 131 tonn, að mestu bleikja. **Nýtt leyfi sem heimilar 300 tonn af laxfiskaseiðum á ári hefur tekið gildi og er frávikinu því lokað.**
2. Gr. 2.1, 3.1 og 3.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun og nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir. Á athafnasvæði skal beita góðum starfsreglum og fyllsta hreinlætis gætt. Safntankur fyrir eldisvatn sem lekur ef vatnsyfirborð er hátt, safntankur fyrir fastefni frá tromlusíu sem er brotinn og með stóru gati á hlið, og brunnur sem flæðir upp úr þegar eldisker eru hreinsuð, uppfyllir ekki þær kröfur.
3. Gr. 3.4 og 3.5 í starfsleyfi. Við útrásir þar sem eldisvatni er veitt í viðtaka má ekki vera olía eða froða. Bæði froða og fita sáust við útrás yfirfallsrörs frá safntanki fastefnis sem er síað frá eldisvatni í tromlusíu.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15.12.2020.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur